

Fyrirspurn til bæjarstjóra

Má vænta þess að ÖBÍ réttindasamtök fái umbeðnar upplýsingar varðandi aðgengi fatlaðs fólks við framkvæmdir á Fannborgarreit. Þar er meðal annars spurt hversu löng vegalengd í metrum talið er frá næsta bílastæði hreyfihamlaðra í hindrunarlausri umferðarleið að aðalinngangi bygginga á hverjum framkvæmdarfasa fyrir sig.

Minnt er á að enn hefur ekki fengist svar við ósk undirritaðra um þessar upplýsingar. Fyrirspurnin var á dagskrá bæjarráðs 17. júlí en umsögn umhverfissviðs 4.september sl. fól ekki í sér svar við spurningunni.

Þá er bæjarstjóri spurð hvort hún áformi ekki að leggja fyrir bæjarráð ábendingar og athugasemdir sem berast við fyrirhugaða uppbyggingu á miðbæjarsvæðinu ásamt svörum Kópavogsbæjar áður en byggingar- og framkvæmdarleyfi koma til afgreiðslu hjá bæjarstjórn?

Frá
Helgu Jónsdóttur Vinum Kópavogs
Theodóru S. Þorsteinsdóttur Viðreisn
Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur Pírötum
Bergljótu Kristinsdóttur

Fylgiskjal.
Bréf ÖBÍ réttindasamtaka dags. 9. september 2025